

## Matskvarði fyrir Grundteikningu 1 – JKR

Við mat á teikningum nemenda notar kennari eftirfarandi matskerfi og kvittar á teikningarnar með þessum táknum:

Stjarna ( \* ) : Teikningin er ófullnægjandi. Væri ekki nothæf sem vinnu teikning. Einkunn fyrir teikninguna er á bilinu: 1 – 5.  
Nemandinn þarf að laga teikninguna.

Stjarna + undirskrift ( JKR\* ) : Teikningin er nokkuð góð. Það væri mögulegt að nota Hana sem vinnuteikningu. Þarf að laga athugasemdir.  
Einkunn fyrir teikninguna er á bilinu: 6 – 7.

Undirskrift ( JKR ) : Teikningin er mjög góð og er góð vinnuteikning.  
Einkunn fyrir teikninguna er á bilinu: 8 - 10

Í lok hvernar lotu fá nemendur síðan einkunnir fyrir teikningar sínar sem birtast inn á Innu.

Einkunnirnar fyrir teikningarnar byggjast á fjórum matsþáttum sem gilda jafn mikið, þ.e. 25 % af einkunn hvernar teikningar. Þessir fjórir matsþættir eru matsrammi fyrir:

stærð (25 %) : Hér er verið að meta hvort stærð mynda (teikninga) sé innan skekkju-  
marka. Sjá á blaðinu matsrammi fyrir

línur (25 %) : Línugerð: Ósýnilegar línur, strikalinur, strikpunktalínur og mállínur.

Línubykt: Rétt bykkt á blýi á viðeigandi stöðum.

Undirskrift: Hún þarf að vera skrifuð með teiknskrift, fornafn,

+ millinafn/eftirnafn, kennitala, hópur og dagsetning.

aðferð (25 %) : Eru myndir rétt teiknaðar og rétt staðsettar miðað við miðjuás.

hreinleika (25 %) : Öll óhreinindi svo sem fitublettir, dökkir blettir, óþarfa strik og krumpur  
lækka einkunn fyrir teikningar.

Nánari lýsing á matsrömmunum má sjá í skránni: matsrammi í GRUN1FF04 – JKR

Einkunnir fyrir teikniskrift byggjast á fimm matsþáttum sem gilda jafn mikið, þ.e. 20 % af einkunn hverrar teikningar: Þessir fimm matsþættir eru:

halli (20 %) : allir stafir þurfa að hafa sama halla.

hæð (20 %) : allir stórir stafir verða að vera jafnháir og allir litlir stafir þurfa að vera jafnháir.

breidd (20 %): breiddin á öllum stöfum þarf að vera jafnmikil.

Bil (20 %) : bil milli stafa þarf að vera jafnmikið og bil milli orða þarf að vera meira.

áferð (20 %) : hér er skoðað heildarútlit textana í hverri línu.

Annað:

- Áfanginn er próflaus.
- Nemendur þurfa að skila frá sér 80 teikningum.
- Önninni er skipt í fimm lotur og þurfa nemendur að skila í síðasta lagi teikningum í lok hverrar lotu sem tilheyra henni.
- Sé myndum skilað eftir að lotu er lokið þá dregst 0,5 af einkunn sem hægt er að fá fyrir teikninguna fyrir hvern virkan dag sem líður.
- Sé mynd ekki á skipulagi skv. Kennsluáætlun fæst ekki einkunn fyrir hana, en hún mun þó telja upp í heildarfjölda skila.